

Alþingi  
Erindi nr. P 139/426  
komudagur 26.11.2010

## Minnisblað

Viðtakandi: Félags- og tryggingamálaráðherra, Guðbjartur Hannesson  
Sendandi: Sviðsstjóri tryggingasviðs, Ágúst Þór Sigurðsson  
Dags.: 8. nóvember 2010  
Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru m.a. lagðar til breytingar á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra og lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar. Þessar breytingar koma fram í 23. og 27. gr., en mikilvægt er að bæta málsgreinum við bæði ákvæðin.

Samhliða þeirri breytingu sem lögð er til í 23. gr. frumvarpsins er mikilvægt að framlengja bráðabirgðaákvæði sem kveður á um útreikning vistunarframlags skv. 21. gr. laga um málefni aldraðra út árið 2011. Tenging útreiknings vistunarframlags við tekjur maka var með öllu afnumin árið 2008. Sú aftenging leiðir til aukinnar þátttöku vistmanna í þeim tilfellum þegar vistmaður hefur hærrí tekjur en makinn sem er heima. Reglan sem fram kemur í bráðabirgðaákvæðinu gerir því ráð fyrir samanburði á útreikningi vistunarframlags fyrir og eftir afnám reglunnar um áhrif tekna maka. Sú niðurstaða sem er hagstæðari fyrir vistmanninn er valin við útreikning á kostnaðarþátttöku hans og útreikning vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins. Samanburðarregla þessi kom fyrst inn í lög um málefni aldraðra með lögum nr. 166/2006 fyrir árið 2007 og fram til 1. apríl 2008, þá með lögum nr. 17/2008 fyrir tímabilið 1. apríl 2008 til 31. desember 2009 og síðast með lögum nr. 120/2009 fyrir árið 2010. Því er lagt til að á eftir 23. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

24. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

(VIII.) Vegna útreiknings á vistunarframlagi skv. 21. gr. laganna er á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011 unnt að óska eftir því að Tryggingastofnun ríkisins beri saman útreikning vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og laga nr. 120/2009. Ef samanburðurinn leiðir til aukinnar kostnaðarþátttöku vistmanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta vistunarframlag vegna framangreinds tímabils til samræmis við það.

Einnig er nauðsynlegt að bæta við frumvarpið ákvæði sem kveði á um að frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar haldist óbreytt út árið 2011, en það er nú 1.315.200 kr. á ári eða 109.600 kr. á mánuði. Að öðrum kosti mun frítekjumark þetta verða í samræmi við b-lið 2. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sem er 300.000 kr. á ári sem jafngildir 25.000 kr. á mánuði. Frítekjumark þetta hefur verið í gildi frá 1. júlí 2009 og myndi lækkun þess fela í sér mikla kjararýmnum fyrir þá örorkulífeyrisþega sem eru á vinnumarkaði og afla sér tekna sem eru hærrí en 300.000 kr. á ári. Því er lagt til að 28. gr. frumvarpsins (er nú 27. gr. en verði 28. gr. sbr. breytingu á lögum um málefni aldraðra), verði svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., ekki breytast á árinu 2011.

Þrátt fyrir ákvæði 3. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2011 hafa 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.